

# Kröfur móta 2017-2018 í þrepum

Berist til yfirþjálfara og þjálfara í Íslenska Fimleikastiganum

Keppt verður eftir dómaraeglum Íslenska Fimleikastigans 2017 - 2020, útgáfa haust 2017, samhliða alþjóðlegum dómaraeglum FIG 2017 – 2020 (COP).

## Aldursflokkar í þrepum

Keppt verður í eftirfarandi aldurshópum á mótum FSÍ

5. þrep: 9 ára, 10 ára, 11 ára og 12 ára og eldri
4. þrep: 9 ára, 10 ára, 11 ára, 12 ára og 13 ára og eldri
3. þrep: 11 ára og yngri, 12 ára og 13 ára og eldri
2. þrep: 12 ára og yngri og 13 ára og eldri
1. þrep: 13 ára og yngri og 14 ára og eldri

Á Bikarmeistaramóti er ekki aldursflokkaskipting. Tækninefnd er heimilt að breyta aldursflokkum sé þess þörf. Miðað er við að minnst 7 einstaklingar skipi aldurshóp í 5. og 4. þrepi og 5 einstaklingar í 3.-2.-1. þrepi til að aldurshópur haldi sér.

## Innihald móta

### **Haustmót I 2017**

#### **4. og 5. þrep. Liðakeppni**

Liðakeppni í aldursflokkum. Eitt lið frá félagi í aldursflokk. Frjáls fjöldi keppenda í liði – allir keppa – 3 telja til stiga á hverju áhaldi. Þau félög sem ekki ná í lið sameinast í eitt blandað lið. (Tkv áskilur sér rétt til að breyta fjölda keppenda sem telja til stiga ef þurfa þykir)

Liðið þarf ekki að vera í eins keppnisból. Hámarks fjöldi þjálfara á lið/áhaldi eru tveir samkvæmt Code of point, (2 kvennþjálfarar eða kvenn- og karlþjálfari). Í blönduðu liði má vera einn þjálfari frá félagi.

### **Haustmót II 2017**

#### **3. 2. 1. þrep Fjölþraut og einstök áhöld.**

Keppni í aldursflokkum. Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi samkvæmt Cop.

### **Þrepamót 2018**

#### **Fjölþraut og einstök áhöld.**

Keppni í aldursflokkum. Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi, samkvæmt Cop.

### **Bikarmeistaramót 2018**

#### **Liðakeppni.**

Fjöldi liða frá félagi er frjáls.

**1. og 2. þrep:** 5 í liði – 5 keppa – 3 telja til stiga á hverju áhaldi. Mest 2 varamenn frá hverju félagi. \*

**3. þrep:** 6 í liði – 6 keppa – 4 telja til stiga á hverju áhaldi. Mest 3 varamenn frá hverju félagi. \*

**5. og 4. þrep:** 7 í liði – 7 keppa – 5 telja til stiga á hverju áhaldi. Mest 4 varamenn frá hverju félagi. \*

Fjöldi þjálfara á keppnissvæði með hverju liði er **tveir** skv. reglu 3.2 í Code of point, (2 kvenþjálfarar eða kvenn- og karlþjálfari).

Skila þarf inn keppnisröð á hverju áhaldi til Yfirdómara í byrjun upphitunnar eða í síðasta lagi til D dómara viðkomandi áhalds við upphitun á áhaldinu.

Félög sem ekki eiga lágmarks keppendafjölda í 3. 2. 1. þrepi geta sótt um til TKV/FSÍ að hafa sameiginlegt lið. Lágmarks keppendafjöldi miðast við skráða keppendur á Haustmóti/Þrepamóti. Sameiginlega liðið verður að keppa í eins keppnisbolum. Fjöldi þjálfara 2 samkvæmt Cop.

NÝTT 2018: Á Bikarmóti í keppni 1. – 5. þrepi er leyfilegt að skrá gestakeppendur ef félag nær ekki lágmarks fjölda í lið. (Eingöngu fyrir þá keppendur sem eru að spreyta sig fyrir Íslandsmót í þrepum og keppa í fjölþraut)

\* Á Bikarmóti er leyfilegt að skrá varamenn með einu liði innan þreps. (Ef félag skráir tvö lið, t.d. í A og B keppni þá fylgja varamenn B liðinu)

Varamenn má setja inn í lið í sama þrepi ef breytinga er þörf 48 klst. fyrir mót eða á keppnisstað fyrir innmars vegna meiðsla eða veikinda. Einnig er leyfilegt er að gera nafnabreytingu á tveim keppendum í liði, síðasta lagi 48 klst. fyrir mót eða áður en mót hefst þegar um meiðsl eða veikindi er að ræða, af þeim keppendum sem eru skráðir á mótið.

Ekki er leyfilegt að skrá sama keppanda sem keppanda og varamann í sitthvort liðið eða í mismunandi þrepi.

Á Bikarmeistaramóti í 4. 3. 2. og 1.þrepi er keppt í A og B keppni. Í A keppni er keppt um bikarmeistaratitil í þessum getuflokki og í B keppni eru veitt verðlaun fyrir sæti liða. Lið 1 frá hverju félagi fer sjálfkrafa í A keppni um bikarmeistaratitil, þjálfarar raða öðrum liðum eftir styrkleika á mótið til að stuðla að keppni meðal jafningja. (Lámark 5 lið í B keppni)

Á Bikarmeistaramóti í 5. þrepi er keppt í A, B og C keppni. Í A keppni er keppt um bikarmeistaratitil í þessum getuflokki, í B og C keppni eru veitt verðlaun fyrir sæti liða. Lið 1 frá hverju félagi fer sjálfkrafa í A keppni um bikarmeistaratitil, þjálfarar raða öðrum liðum eftir styrkleika á mótið til að stuðla að keppni meðal jafningja. Lámark 5 lið í B og C keppni.

Félagsþjálfarar meta styrkleika sinna liða ef fleiri en eitt lið er skráð til keppni. Hægt er að sækja um undanþágu við sérstakar aðstæður, til TKV eigi síður en 4 vikum fyrir mótið, ef félag með eitt lið vill keppa í B eða C keppni, t.d. ef nýtt fimleikafélag eða –deild hefur þátttöku á mótum FSÍ eða félag hefur ekki keppt á þessu getustigi sl. ár.

## Íslandsmeistaramót í íslenska Fimleikastiganum 2018

**Fjölþraut.** Til að öðlast þátttökurétt þarf að ná lágmarks stigafjölda til að ná þrepinu skv. Ísl.Fimleikastiganum í 2.-5. þrepi á mótum FSÍ á keppnistímabilinu. Keppendur í 1. þrepi þurfa að hafa keppt í fjölþraut á Haust-, Þrepa- og/eða Bikarmeistaramóti.

Mælst er til að þjálfarar sjái til þess að keppendur ráði við sínar keppnisæfingar og geti framkvæmt þær af öryggi. Iðkandi þarf ekki að ná þrepi til að hækka sig upp um þrep. Leyfilegt er að sleppa úr þrepi í Fimleikastiganum, en ef keppandi hefur náð tilsettum stigum í fjölþraut á keppnistímabilinu skal hann hækka um þrep á næsta keppnistímabili, sjá nánar reglur íslenska Fimleikastigans. ATH. í 1.þrepi eru engin útskriftastig úr þrepinu. Hægt er að keppa bæði í 1. þrepi og Frjálsum æfingum á tímabilinu. Ef keppt er í Fjölþraut á Íslandsmeistaramóti í frjálsum æfingum þá útilokar það áframhaldandi keppni í 1. þrepi á næsta keppnistímabili. Keppnistímabilið 2017-2018 er frá 1.ágúst 2017 – 31.júlí 2018.

Þegar keppt er í frjálsum æfingum þá er ekki hægt að keppa aftur í 2.3.4.og 5. þrepi á keppnistímabilinu.

Þegar tekið er þátt í Úrvalshópum FSÍ og verkefnum Landsliðsins þá útilokar það keppni í 2. þrepi og neðar á keppnistímabilinu. Leyfilegt er að keppa í 1.þrepi.

TKV hvetur til þess að iðkendur keppi á viðeigandi getustigi og að allir hafi verkefni við hæfi.

## **Skráning keppenda og þjálfara á mót**

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þátttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta.

## **Skráning dómara á mót**

Félögin skrá nöfn dómara eftir að skipulag hvers móts liggur fyrir (síðasta lagi 2 vikum fyrir mót). Með skráningu á að fylgja hvaða mótshluta dómari gefur kost á sér. TKV raðar dómurum á mótshluta. Við niðurröðun dómara er miðað við dómaraflokk

Félögin senda inn eitt dómaragildi fyrir 1-3 keppendur í viðkomandi þrepi. Hver dómari getur ekki tekið fleiri dómaragildi en fjöldi mótshluta á hverju móti. Fjöldi dómaragilda miðast við skráningu keppanda, ekki fjölda keppanda í raun á mótinu. Á Bikarmeistaramóti skal skrá minnst tvo dómara á lið. Endanlegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er jafnt og hlutfall keppanda viðkomandi félags af heildarfjölda keppanda á viðkomandi móti. Endalegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er sent út af FSÍ/Tkv þegar dómarskipulag liggur fyrir.

TKV áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.

**sept2017/TKv**